

irtektarverður sökum þess, hve form-in eru einföld, hnitmiðuð og um leið hrfmikil, en hér saknar maður nokkurra ágættra starfskrafta í listgreininni.

Svo sem þessi upptalning ætti að vera til vitnis um, hreifst sá, er hér ritar, mjög af sýningunni í heild, en hnókrarnir eru helst þeir, að þrátt fyrir vandaða sýningarskrá vantar nöfn mynda í hana og verkin eru ónúmeruð en það gerir okkur listrýnum erfiðara um vik að skírskota til einstakra gripa, — þá stendur sýningin of stutt yfir, því að áhugi og aðsókn eru með besta móti.

Að lokum er þess vert að geta, að Heimilisíðnaðarfélag Íslands er með litla, en mjög athyglisverða sýningu frammi í gangi. Sem kunnugt er, hefur meginmarkmið félagsins alla tíð verið að efla íslenskan heimilisíðnað og stuðla að varðveislu gamalla vinnubragða og endurnýjuðu hlutverki þeirra. Félagið hefur lyft grettistaki með þessari starfsemi sinni og rekur m.a. verulanir á tveim stöðum í borginni, og hafa þeir áunnið sér virðingu innan lands sem utan með vandaðri vöru og smekklegu ytra útliti. Þá rekur félagið skóla og er starfsvettvangur hans mjög víðfeðmur, svo sem eftirfarandi upptalning ætti að vera til vitnis um, en þar er kenndur almennur vefnaður, krossvefnaður, glitvefnaður, myndvefnaður, spjaldvefnaður, hnýtingar, tóvinna (halasnælda), þjóðbúningasumur, vattteppagerð, jólaföndur,


Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

prjón- hyrnur og dúkar, refilsumur, augnasaumur, knipl- og orknering. Þá munu bætast við námskeið í vefnaði, — myndvefnaði, vefnaði fyrir börn, handvefnaði, uppsetningavefja, skógerð og leppaprjóni, prjón- og tvíbandavettlingar, hnýtingar, hekl fyrir væðarvoðir, tuskubrúðgerð, fléttasumur, gjarðabruðning, útskurður og leðurvinna. Já, mikil eru kvennanna umsvif...
Og svo er einungis eftir að þakka fyrir sig með virktum.

Konudagsblómín

eru ræktuð í gróðurhúsinu



stjóri: Göran Nilsson frá Svíþjóð. Sinfónía nr. 2 í c-moll op. 17 eftir Pjotr

Tsjaikovský. — Jón Múli Árnason kynnir. 23.45 Fréttir. Dagskrárlok.

Á SKJÁNUM

MÁNUDAGUR
25. febrúar

20.00 Fréttir og veður
20.25 Auglýsingar og dagskrá
20.30 Reykjavíkurskáknotið Skýringar flytur Jón Þorsteinsson.
20.45 Tommi og Jenni Teiknimynd.
20.50 Vetrarólympiuleikarnir Svig karla (Eurovision — upptaka Norska sjónvarpsins)
21.55 Marc og Bella Sænskt sjónvarpsleikrit

eftir Hans Axel Holm. Fyrri hluti. Leikstjóri Lena Granhagen. Aðalhlutverk Askó Sarkola og Elina Salo. Leikritið gerist í Rússlandi á árunum kringum byltinguna og er um málaraðann Marc Chagall og ástir hans og hinnar fögru Bellu. Þýðandi Óskar Ingimars-son. Síðari hluti verður sýndur mánudagskvöldið 3. mars. (Nordvision — Sænska sjónvarpið)
22.55 Dagskrárlok

endur: Jón Júlíusson, Þorsteinn Gunnarsson, Hákon Waage og Jón Gunnarsson.
17.45 Barnalög, sungin og leikin.
18.00 Tónleikar. Tilkygningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.

KVÖLDIÐ

19.00 Fréttir. Tilkygningar.
19.35 Daglegt mál. Helgi Tryggvason fyrrum yfirkennari flytur þáttinn.
19.40 Um daginn og veginn. Baldvin Þ. Kristjánsson félagsmálafulltrúi talar.
20.00 Við, — þáttur fyrir ungt fólk. Umsjónarmenn: Jórunn Sigurðardóttir og Árni Guðmundsson.
20.40 Lög unga fólksins. Ásta R. Jóhannesdóttir kynnir.
21.45 Útvarpsagan: „Sólon Íslandus“ eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Þorsteinn Ö. Stephensen les (16).
22.15 Veðurfregnir. Fréttir. Dagskrá morgundagsins.
22.30 Lestur Passíusálma. Lesari: Árni Kristjánsson (19).
22.40 Upplýsingar: Vannýtt auðlind. Jón Ellertsson deildarverkfæringur flytur erindi um tækni og visindi.
23.05 Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói á fimmtud. var; — síðari hluti. Hljómsveitar-



Nýir áskrifendur fá einn árgang ókeypis.

Undirritaður kaupir... gjafaáskrift(ir) að ársfjórðungsritinu Iceland Review og greiðir áskriftargjald kr. 5.900 pr. áskrift að viðbættum sendingarkostnaði kr. 1.900 pr. áskrift. Samtals 7.800.
 Árgangur 1979 verði sendur ókeypis til viðtakanda(-enda) gegn greiðslu sendingarkostnaðar, kr. 1.500 pr. áskrift. Tilboðið stendur til 15. mars.

Nafn áskrifenda

Sími Heimilisf.

Nafn móttakanda — skrifðu með prentstöfum

Heimilisf. Nöfn annarra móttakenda fylgja með á sérstöku blaði
Sendið Iceland Review, pósth. 93, Reykjavík, eða hringið í síma 27622.

Nýrri áskrift 1980 fylgir allur árgangur 1979 ókeypis ef óskað er (innanlands sem utan), einungis gegn greiðslu sendingarkostnaðar. Það er ódýrt og fyrirhafnarlítið að senda gjafaáskrift: Útgáfan lætur viðtakanda vita af nafni gefanda með sérstöku póstkorti og síðan berast heftin jafnóðum og þau koma út. Fáðu eina áskrift fyrir sjálfan þig í leiðinni (og einn árgang ókeypis).

Iceland Review

Segir meira frá Íslandi en margra ára bréfaskritir. Hvert nýtt eintak af þessu glæsilegasta tímariti landsins flytur kveðju þína frá Íslandi og treystir tengslin.

Sendu vinum þínum og viðskiptamönnum gjafaáskrift 1980.